

Hafnarfjörður 19.apríl 2016

Ágæti viðtakandi/fræðsluráð Hafnarfjarðarbæjar

Efni: Hagsmunamál Dagforeldra í Hafnarfirði

Við viljum leggja fram nokkur mál sem taka þarf fyrir á fundi fræðsluráðs Hafnarfjarðar sem eru okkur mikilvæg og þurfum við bæði svör og úrbætur á þeim og viljum við svör og úrbætur hið fyrsta, en ekki loforð sem ekki verður staðið við.

1. Að foreldrar hafi val um það hvort það taki leiksólapláss fyrir barn að 18 mánaða aldri. Foreldrar eigi rétt á niðurgreiðslu fyrir dagvistun hjá dagforeldri þrátt fyrir að leikskólapláss sé í boði, fram að að 18 mánaða aldri.
2. Afnot af húsnæði sem nýtt yrði fyrir fundi samtakanna og einnig sem hægt væri að fara með börnin og aðstoða hvor aðra ef upp koma veikindi eða hreinlega til að hittast og brjóta upp starfið og fleira. Þetta hefur verið rætt áður og var okkur lofað húsnæði og er nú að verða komið ár síðan.
3. Innritanir í leikskóla verða að standast upp á okkar starfsöryggi. Okkar upplýsingar eru þær að innritanir eiga að eiga sér stað í ágúst og febrúar en nú eru komin nokkur tilfelli þar sem verið er að innrita börn í maí og gerir það starf okkar að engu og ekkert tillit tekið til okkar starfsemi. Einnig viljum við fara fram á að febrúar innritunin verði færð fram í janúar, þ.e. að innritanir verði í ágúst og janúar.
4. Það er uppi hugmynd um hvort hægt sé að fá einhversskonar samstarfs milli bæjarins og heilsgæslna í bænum, að þegar að dagforeldri er að endurnýja leyfi sitt að hægt sé að fá læknisvottorð í gegnum símatíma lækni eða á vaktinni sem er eftir venjulegan vinnutíma, því við dagforeldrar skreppum ekki til lækni eins og gefur að skilja.

Það er einlæg von okkar að samtarf okkar við ykkur verði sem best og verður þá einnig að taka tillit til okkar starfsemi hvað varðar tímasetningar á fundum og öðru, því eins og við sögðum í lið 4 þá er starfið okkar þannig að við skreppum ekki frá 5-10 börnum til þess að koma okkar málum á framfæri á fundum eða öðru sem fram fer á dagvinnutíma.

Með virðingu og vinsemd

Stjórn dagforeldra í Hafnarfirði.

Steinþóra Þorsteinsdóttir